

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *Auka - fundur.*

að Hlíðavegi 6, 6. júlí 2005, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi Skipulagsstofnunar. Tilkygning um matsskyldu vegna framleiðslu vörubretta við Bjarnarflag.
3. Erindi Minjasafnsins á Akureyri um leyfi til að taka brennistein í Námafjalli í tengslum við fornleifarannsókn á Gásum í Eyjafirði.
4. Erindi Freyju Leifsdóttur, Haralds Helgasonar og Hjörleifs Sigurðarsonar um kostnaðarþátttöku vegna tónlistarnáms.
5. Grenndarkynning. Erindi Helluholts ehf þar sem óskað er að breyta Helluholti 9 úr íbúðarhúsnæði í gistihemili.
6. Meindýraeyðing.
7. Erindi Landeigenda Reykjahlíðar ehf um leyfi til að fjarlægja hús og aðrar eignir á svæði Kísiliðjunnar.
8. Fundargerð bygginganefndar frá 5. júlí.

### Til kynningar:

Bréf Landeigendafélags Reykjahlíðar um seyrulosun.

Bréf Umhverfisstofnunar vegna breytinga á aðalskipulagi (bygging íbúðarhúsa við Helgavog).

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og lagði til að málum 6, 7, og 8 yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

### 2. Erindi Skipulagsstofnunar. Tilkygning um matsskyldu vegna framleiðslu vörubretta við Bjarnarflag.

Gerð hefur verið breyting á þeim sérlögum sem gilda um verndun Mývatns og Laxár. Þannig fellur svæði það sem Kísiliðjan starfaði á utan hins eiginlega verndarsvæðis.

Þá verður ekki séð af þeim gögnum sem fyrir liggja að framleiðsla vörubretta úr pappír hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Sveitarstjórn telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

3. **Erindi Minjasafnsins á Akureyri um leyfi til að taka brennistein á Námafjalli í tengslum við fornleifarannsókn á Gásum í Eyjafirði.**  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir fyrir sitt leyti við að brennisteinn verði tekin á Námafjalli.
4. **Erindi Freyju Leifsdóttur, Haralds Helgasonar og Hjörleifs Sigurðarsonar um kostnaðarþátttöku vegna tónlistarnáms.**  
Hafnað er að verða við erindinu.
5. **Grenndarkynning. Erindi Helluholts ehf þar sem óskað er að breyta Helluholti 9 úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.**  
Með bréfi dags. 24. maí s.l. óskaði Helluholt ehf eftir að fá notkun hússins Helluhrauns 9 breytt úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.  
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum 26. maí að fram skyldi fara grenndarkynning sem næði til eigenda og íbúa við Helluhraun. Eftirtöldum eigendum húsnæðis við Helluhraun var sent bréf það sem hér fer á eftir:  
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga V7 Helluhraun 17  
Kísiliðjuni v/Helluhrauns 7a, 8, 8a og 16  
Jóni Illugasyni v/Helluhrauns 15  
Sigurði Rúnari Ragnarssyni v/Helluhrauns 14  
Ásdísi Illugadóttur v/Helluhrauns 13  
Rögvaldi Agli Sigurðssyni v/Helluhrauns 12  
Skútustaðahreppi v/Helluhrauns 10 og 18  
Landsvirkjun v/Helluhrauns 11  
Helluholti v/Helluhrauns 7 og 9  
Álfdísi Sigurgeirsdóttur v/Helluhrauns 6  
Sigurði Kára Sigfússyni og Margrėti Hróarsdóttur v/ Helluhrauns 5  
Sverri Karlssyni v/Helluhrauns 4  
Sparisjóði S-Þingeyinga v/Helluhrauns 3  
Karli Viðari Pálssyni v/Helluhrauns 2  
Norrænu Eldfjallastöðinni v/Helluhrauns 1

Mývatnssveit, 30. maí 2005.

**Efni: Grenndarkynning vegna óska Helluholts ehf um að breyta notkun hússins að Helluhrauni 9 úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur borist umsón frá Helluholti ehf um leyfi til að breyta notkun hússins við Helluhraun nr. 9 úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.

Samþykkt var á fundi sveitarstjórnar 26. maí s.l. að grenndarkynna erindið fyrir hagsmunaaðilum.

Með bréfi þessu fylgir afrit af erindi Helluholts ehf dags. 24. maí ásamt uppdrátti sem erindinu fylgdi. Ennfremur fylgir útprentun á 43. gr. laga nr. 73/1997

Með vísan til 7. mgr. 43. gr. laga nr. 73/1997 er eftirtöldum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að tjá sig um erindið: Húseigendum/húsfélögum Helluhrauns 1 – 18. Bent skal á að leigutakar húsnæðis teljast einnig til hagsmunaaðila og skulu húseigendur kynna tillöguna fyrir þeim.

Nánari upplýsingar, ef einhverjar eru veitir sveitarstjóri á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, nefn. [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is)

Athugasemdum við fyrrgreint erindi skal komið skriflega til sveitarstjóra Skútustaðahrepps eða á netfangið [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is) eigi síðar en 29. júní n.k. Þeir sem ekki gera athugasemd við erindi teljast samþykkja það.

**Virðingarfyllst,**

**Sigbjörn Gunnarsson, sveitarstj.**

Tvær athugasemdir hafa borist vegna framngreinds bréfs og fylgja þær aftast í fundargerðinni. Athugasemdirnar eru annars vegar frá Karli Viðari Pálssyni og Herdísi Steingrímsdóttur, Helluhrauni 2 og hinsvegar frá Sigurði Kára Sigfússyni og Margréti Hróarsdóttur, Helluhrauni 5.

Við afgreiðslu málsins vék Birkir Fanndal af fundi.

Sveitarstjórn hafnar að verða við erindi Helluholts ehf um að breyta notkun hússins að Helluhrauni 9 úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.

Til grundvallar ákvörðunar sveitarstjórnar liggur eftirfarandi:

Borist hafa athugasemdir frá eigendum Helluhrauns 2 og 5.

Þar kemur m.a. fram að eigendur hafi keypt húseignir sínar á þeim forsendum að hús þeirra væru í íbúðahverfi.

Þá tekur sveitarstjórn undir þær röksemdir að umferð um götuna muni aukast verulega verði af áformum um frekari gistirekstur. Enn fremur tekur sveitarstjórn undir þær athugasemdir að bílastæði verði of fá við götuna til að anna auknum umsvifum vegna gistirekstrar.

Samþykkt samhljóða.

#### **6. Meindýraeyðing.**

Miklar umræður urðu um meindýraeyðingu í Skútustaðahreppi.

Sveitarstjóra ásamt Böðvari Péturssyni og Kristjáni Stefánssyni falið að ræða við Inga Þór og Gunnar Rúnar um útfærslu meindýraeyðingar.

#### **7. Erindi Landeigenda Reykjahlíðar ehf um leyfi til að fjarlægja hús og aðrar eignir á svæði Kísiliðjunnar.**

Oddviti vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Samþykkt.

#### **8. Fundargerð bygginganefndar frá 5. júlí.**

Liðir 2 og 3 eiga við um Skútustaðahrepp.

Afgreiðsla bygginganefndar samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.

Helluhrauni 5, 3 júní 2005

Sveitarstjóri Skútustaðahrepps  
Sighjörn Gunnarsson  
Hlíðarvegi 6  
660 Mývatn

**Efni: Grenndarkynning vegna óska Helluhólts ehf um að breyta notkun húsnæðis  
á Helluhrauni 9 úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.**

Undirrituðum hefur borist ofangreind grenndarkynning, uppdráttur af lóðum og afrit af 43gr er fjallar um byggingarleyfi. Höfum við kynnt okkur þessi gögn vandlega.

Varðandi ofangreinda ósk eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

1. Vakinn er athygli sveitarstjórnar á því að í nefndu húsi hefur verið rekið gistiheimili frá miðju sumri 2004, án þess að fyrir því séu tilskilin leyfi. Einnig er rekið gistiheimili í húsinu númer 7 við Helluhraun án tilskilinna leyfa.
2. Með því að breyta húsinu númer 9 í gistiheimili mun akandi umferð um götuna aukast til mikilla muna og er það mat okkar að meiri umferð sé af gestum í gistiheimili en fastbúandi fólki. Í húsinu eiga að vera 20 gistirými en aðeins eru 5 bílastæði við húsið. Gera má ráð fyrir að fjöldi bílastæða sé ekki nægur og bílum verði lagt á gangstéttum og jafnvel á einkastæðum. Það er allkunna að mest aukning ferðamanna undanfarið ár er fólk akandi um á bílaleigubílum að meðaltali 2 í bíl skv könnunum sem gerðar hafa verið. Því má ætla að lágmarksfjöldi bílastæða verði að vera umk 10 fyrir gesti auk bílastæða fyrir starfsmenn.
3. Gatnan er skipulögð íbúðagata og við höfum keypt okkar eignir við götuna í þeirri vissu að ekki yrði þar breyting á, umk ekki í þeim mæli sem hér greinir.
4. Að okkar mati eru það skipulagsleg mistök af hálfu sveitarstjórnar að ljá máls á því að breyta íbúðarhúsnæði í götunni í gistiheimili, næg þörf sé fyrir það sem íbúðarhúsnæði. Það er vissulega þörf fyrir aukin gistirými á ferðamannamerkaði í Mývatnssveit yfir sumarið en þeir sem vinna í gisti húsum og í ferðamannageiranum verða líka einhverstaðar að húa. Með því að hafa nægt framboð íbúðarhúsnæðis aukast líkur á fastbúandi íbúum í sveitarfélaginu. Við leggjum til að sveitarstjórnin skipuleggi svæði fyrir nýja gisti húsa byggð. Það eykur fjárfestingar í sveitarfélaginu, eftirspurn eftir vinnuafli og verðmætasköpun.
5. Umrætt húsnæði er fjármagnað af Íbúðarlánasjóði en sjóðnum er óheimilt að lána fé til atvinnustarfssemi, nema fasteignafélaga sem leigja eignir í langtímaleigu.

Þegar allt ofangreitt er tekið sama lýsum við okkur algarlega andvíg því að leyfið verði breyting að notkun húsa við Helluhraun úr íbúðum í gisti húsi.

Viðingarfyllt:

Sighjörn Gunnarsson Lt: 120962-5319  
Margrét Hrafnadóttir Rt: 110676-4689.  
Íbúar í Helluhrauni 5.

Reykjahlíð 20.júní 200

Sveitarstjóri Skútustaðahrepps.  
Hlíðarvegi.


Efni: Grendark. vegna Helluholts ehf.

Við undirritaðir eigendur að Helluhrauni 2 erum alfarið á mótí viðbætti gistipjónustu í Helluhrauni þar sem þetta er íbúðarhverfi og við keyptum okkar hús á þeim forsendum.

Virðingarfyllst.



Karl Viðar Pálsson



Herdís Steingrimsdóttir